







## Leiðbeiningar fyrir Select Line (70566)



Buttons recognition function is disabled



Buttons recognition function is enabled



### Innstilling á fjarstýringum fyrir Select Line mótór

Þessi aðgerð er notuð til að ákveða hvaða hnappar á fjarstýringunni eiga að vera notaðir til þess að opna hurðina. Fjarstýringarnar geta virkað á eina eða fleiri hurðir með því að stilla þær inn.

- Ýtið og haldið inni **SET** hnappinum þar til "1" birtist á skjánum og sleppið þá hnappinum. Ýtið þá á "**UP**" hnappinn þar til "9" birtist á skjánum. Ýtið á **SET** hnappinn aftur. Nú er mótórin í instillingarham. "1" ásamt blikkandi punkti ætti að koma upp á skjáinn.
- Ýtið á **UPP / NIÐUR** hnappinn ef þú vilt að allir 3 hnapparnir virki á opnarann, eða ef þú vilt eingöngu að fjarstýringin virki á opnarann.

'0' þýðir að instillingarhamur er óvirkur. Þetta þýðir að ef þú forritaðir einn hnapp með einum opnara geta allir 4 hnapparnir á fjarstýringunni virkað á hann. Þetta getur verið hentugt fyrir þá sem vilja bara stýra einni hurð með fjarstýringunni.

'1' þýðir að instillingarhamur er virkur. Ef fyrsti hnappur hefur verið forritaður fyrir fyrsta opnarann þá virkar hann eingöngu á þann opnara. Þetta er hentugt fyrir þá sem vilja stýra fleiri en einni hurð með fjarstýringunni.

Ýtið á **SET** hnappinn til þess að staðfesta stillingarnar og fara til baka í "stand-by" ham. '11' ættu að birtast á skjánum.

#### ATH:

- Innstillingarhamur er settur staðlaður á a "1" við framleiðslu.
- Ef instillingarhami er breytt frá 0 (óvirkur) í 1 (virkur) þá getur eingöngu sá hnappur sem er instilltur virkað á opnarann.